

Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, 17. nóvember 2015 kl. 10.30-12.

Mættir

Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður Steingrímisdóttir, Ársæll Guðmundsson, Edda Kjartansdóttir, Jón Torfi Jónasson, Þórður Kristjánsson og Sólrún Harðardóttir. Svanhildur M. Ólafsdóttir komst ekki á fundinn.

Fundarstaður

Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Umræðuefni

- Upplýsingaveitan
- Fagráðsfundur 26. Nóvember
- Önnur mál

Upplýsingaveitan

Ritnefnd og Sólrún funduðu nýlega um gengi upplýsingaveitunnar. Sagt frá þeim fundi og einnig bréfi sem ritnefnd hyggst senda fulltrúum í stýrihópi til að svara í samræmi við baklandið. Óskað verður eftir lýsingu á væntingum og hvað viðkomandi aðilar geta eða vilja leggja að mörkum varðandi upplýsingaveituna. Lagt var til að rýnihópar sem verið er að setja á laggirnar verði spurðir út í upplýsingaveituna.

Næsti fagráðsfundur – 26. 11.

Tillögur og stefna fagráðsins

Markmið næsta fagráðsfundar er að fjalla um stefnu fagráðsins og móta hana að vissu leyti og skerpa. Sólrún lagði fram vinnuþagg sem var samsett úr tillögum og atriðum frá: Fræðslufundi sem haldinn var í nóvember 2014 í Endurmenntun HÍ, umræðu og svörum varðandi hlutverk, ábyrgð og skyldur, vinnuhópi um fjármagn og sjóðaumhverfi og vinnuhópi um ráðstefnuna Future Teachers. Hún hafði flokkað efnið undir ákveðnar yfirskriftir. Rætt var um einstaka liði og gerðar nokkrar athugasemdir. Rétt þótti að draga úr textum og draga betur fram það sem þyrfti að ræða á fundinum. Einnig þótti rétt að skýra vel hvaðan nákvæmlega tillögurnar / atriðin voru komin. Ekki er æskilegt að fólk týni sér í umræðu um orðalag.

Skýrsla og framhald starfsins

Komið var inn á framhaldið á starfi fagráðsins. Starfstími ráðsins er til 26. febrúar sem er föstudagur. Rætt um að senda skýrslu til ráðherra í framhaldi af fagráðsfundinum núna í nóvember. Venjulega hefur verið send ársskýrsla en æskilegt er að gera það núna, en ekki um áramót til þess að undirbúa jarðveginn og ráðherra fyrir ákveðnar tillögur, t.d. um framhald ráðsins.

Næsti fundur

Á sama tíma eftir viku.

Sólrún Harðardóttir tók punkta